

Pési



Lesið þetta

- Forvarnardagur
- Fréttir frá skrifstofu
- Auglýsingar
- Fræðslunefnd
- Kvenfélagið

Næsti Pési kemur út 12. des. Skil á efni er 9.des

Efni í þessu blaði:

Forystugrein	3
Námskeið	9
Kvenfélagið	10
Fræðslunet	12
Bókasafnið	17
Smárafréttir	20

Nóv 2008

Ritstjóri og ábyrgðarmaður Ísólfur Gylfi Pálmason

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir - svanhildur@fludir.is

Hrunamannahreppur, Akurgerði 6, 845 Flúðir

18. árgangur. 221. tölublað. pesi@fludir.is. Sími. 480 6600

Kornrækt í blóma

Í sumar var ræktað mikið af korni hér í hreppnum. Uppspera var mjög góð og á sumum bæjum er hún ekki síðri en best gerist í Danmörku. Áhugi fyrir kornræktinni er mikill og hefur kornið verið þurrkað í Syðra-Langholti í verksmiðju þeirra Fjólu og Sigurðar í Birtingaholti. Þar sem aðföng til landbúnaðar eru að verða sífellt dýrari er hér um að ræða gjaldeyrissparandi aðgerðir sem nýttast bændum einstaklega vel. Frómir menn telja að 1 hektari nýtist u.þ.b. 3 kúm á ársgrundvelli. Kornið er reyndar einnig heilnæmt fóður.



Sveitarstjóri og Hreppsnefnd Hrunamannahrepps



Starfsmenn á Skrifstofu Hrunamannahrepps

Forvarnadagurinn í skólanum

Ég var beðinn um að koma í tíma hjá 9. bekk í Flúðaskóla á forvarnadaginn sem var 6. nóvember s.l. Það var sérlega gaman að tala við nemendur um forvarnir í þess orðs fyllstu merkingu. Ég varð þess einnig áskynja að kennarar höfðu rætt þessi mál af mikilli alvöru við nemendur. Í spjalli sem þessu kemur margt athyglisvert fram. Ég hef oft áður sagt frá merkilegum fyrirlestri sem ég var á hjá Þórólfi Þórlindssyni sem nú er forsvarsmaður Lýðheilsustofnunar. Þar sem hann var að tala um nútímaskólann með öllum þeim tækifærum sem boðið er uppá með tölvutækni og ótrúlegu upplýsingaflæði. Í lok fyrirlestrarins sagði hann að í nútímaskólanum væru fjögur grunnildi sem skiptu máli. En þau eru agi og að læra, lestur, skrift og reikning. Nákvæmlega sömu gildi og hafa alltaf skipt höfuðmáli í öllu námi öldum saman. Hann varpaði einnig fram þeirri fyrirspurn hver væri mest vá sem ógnaði ungu fólki á nýrri öld? Flestir nefndu náttúruhamfarir, stríð, efnahagskreppu o.fl. Nei sú versta vá sem steðjar að mannkyninu á nýrri öld er eiturlyfjanotkun. Það er ótrúlegt í okkar upplýstu veröld með öllum þeim tækifærum sem boðið er uppá. Talið er að hið svarta eiturlyfjahagkerfi sé stærra en velta Coco cola og Mc. Donalds keðjanna sem selja sína vöru um allan heim. Í umræðunni við krakkana spurði einn ungur maður þeirrar spurningar hvort ekki væri sjálfsagt að prófa alla hluti til þess að vita hvernig þeir væru. Þá rifjaðist upp fyrir mér mynd í huganum. Þannig var að ég heimsótti eitt sinn Krossgötur sem er stofnun á vegum Krossins í Reykjavík. Þar var einstaklega myndalegur strákur sem ráfaði um, hugurinn var einhverstaðar langt í burtu og andlitið líflaust. Ég spurði hvað hefði komið fyrir drenginn? Þessi ungi maður hafði farið á skemmtun um verslunarmanna-helgina og tekið inn eina eða tvær töflur sem þá gengu undir nafninu alsæla. Þetta dugði til þess að rústa lífi þessa unga manns hann var með „steiktan haus“ eins og forstöðumaðurinn kallaði það. Til eru margar viðlíka sögur þar sem ungt fólk hefur verið að þefa af gasi o.fl. nú nýverið er einnig skelfingarsaga af þessu tagi sem ekki er útséð hvernig fer. Það er skemmtilegt að vera ungur en það getur einnig verið svolítið erfitt. Þessar sögur mínar sanna það að engin ástæða er að prófa alla hluti þeir geta einfaldlega verið alltof hættulegir og alls ekki þess virði að rústa lífi sínu og aðstandenda sinna með slíkri tilraunastarfsemi. Við þurfum öll að vera á verði hvað forvarnir snertir. Forvarnir eiga ekki einungis við um fíkniefni, áfengi, tóbak o.þ.h. Forvarnir felast í heilsusamlegu lífni. Vonandi vekja dagar sem þessir okkur öll til umhugsunar um lífið og alla möguleikana sem í því fellst. Ungu fólkið okkar er framtíð byggðarlagsins og við eigum öll að hjálpast að við að hlúa hvert að öðru, því hver einstaklingur skiptir miklu máli í samfélaginu.

Ísólfur Gylfi Pálmason

Orðspor Hrunamanna fer víða

Í síðasta mánuði kom hingað í heimsókn blaðamaður frá hinu virta Franska blaði Le Monde. Ragnar Kristinn Kristjánsson f.v. sveppabóndi var leiðsögu- og milligöngumaður blaðamannsins. Blaðamaðurinn talaði m.a. við Sigurð Ágústsson í Birtingaholti og hjónin Bozena Maria og Michal Jerezy Jozefik. Ritstjórn Pésans hefur borist myndir og greinin sem er á frönsku og fjallar að því er okkur skilst um mannlíf hér um slóðir. Í þessu sama blaði er einnig viðtal við forsætisráðherra þjóðarinnar Geir H. Haarde. Þessum ágæta blaðamanni hefur ekki verið í kot vísað. Ragnar leysti blaðamanninn út með gjöf sem var auðvitað geisladiskurinn sem hann gaf út í haust og er upplögð í jólapakkann.

Hitaveita Flúða yfirtekur Átakshitaveitu

Um síðustu mánaðarmót yfirtók Hitaveita Flúða Átakshitaveitu en sú hitaveita var tengd nokkrum bæjum í Hrunamannahreppi og í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Sérstakur styrkur fæst frá Iðnaðarráðuneytinu þegar yfirtaka sem þessi á sér stað. Einnig fást styrkir þegar bærir sem notað hafa rafmagn eða olíu til upp- hitunnar skipta yfir í hitaveitu. Nauðsynlegt er að leggja nýja lögn vegna þessa og stefnt er að, ef allt fer að skilum að í fyrsta áfanga verði hitaveitulögnin að Hruna endurnýjuð og síðar verði farið alla leið að Skáldabúðum í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Virðing – vitneskja, mikið um að vera í Flúðaskóla

Einkunnarorð Flúðaskóla eru virðing – vitneskja. Skólastjórnendur hafa verið að leggja áherslu á þessi gildi að undanförunu og vekja athygli á mikilvægi þeirra. Rætt hefur verið við nemendur á sal um þessi gildi. Þar hafa komið við sögu auk skólastjóra, kennarar og starfsmenn auk sveitarstjóra. Þessir fundir hafa verið ánægjulegir og er undirstrikað að við eigum að bera virðingu hvert fyrir öðru og gildum sem lúta að manneskjunni sjálfri sem og þeim dauðu hlutum sem við nýtum í skólanum og víðar. Stærsti útgjaldaliður sveitarfélagsins fer í skólamál. Því er nauðsynlegt að þeir peningar nýtist vel og að nemendur nýti sér sem best það starf sem fram fer í skólanum og fari vel með áhöld, tæki og þær bækur sem notaðar eru, í því getur falist mikill sparnaður og sýnir virðingu fyrir verðmætum.

Aðventuhátíð

Aðventuhátíð safnaðanna í Hruna og Hrepphólum verður haldin í Félagsheimili Hrunamanna sunnudaginn 30. nóvember n.k. og hefst kl. 14.00. Að vanda verða margir ánægjulegir dagskrárliðir og eru íbúar hvattir til þess að hefja jólaundirbúninginn með því að taka þátt í aðventuhátíðinni. Það er vel til fundið að halda aðventusamkomuna að deginum til þannig að allir geti verið með bæði ungir og aldnir.

Hreppsnefnd ályktar vegna vegagerðar í Hrunamannahreppi

Á síðasta hreppsnefndarfundi ályktaði hreppsnefnd sérstaklega um vegagerð í Hrunamannahreppi. Sveitarstjóri og oddviti hafa átt marga fundi með fulltrúum Vegagerðarinnar vegna vegamála í hreppnum. Eftirfarandi tillaga hefur verið send fulltrúum Vegagerðarinnar og þingmönnum í Suðurkjördæmi en hreppsnefnd hittir þá á sérstökum fundi í svokallaðri kjördæmaviku.

Hreppsnefnd Hrunamannahrepps og Umhverfis- og samgöngunefnd leggja áherslu á eftirfarandi vegaframkvæmdir í Hrunamannahreppi í tengslum við upptöku vegaáætlunar.

Forgangsröðum vegna vegaframkvæmda í Hrunamannahreppi.

1. Hvergi verði hvíkað frá áætlun um byggingu brúar yfir Hvítá og vegaframkvæmdir tengdar brúnni. Brúin er lykillinn að enn meiri samvinnu sveitarfélaga í uppsveitum Árnessýslu og uppbyggingu atvinnulífs.
2. Breikka brúna á Stóru-Laxá. Núverandi einbreið brú er hættuleg miðað við þá umferð sem um brúna fer daglega.
3. Tryggja öryggi vegfarenda sem þurfa að fara yfir stofnveg 30 í gegnum Flúðir, t.d. með undirgöngum við Hofatún.
4. Langholtsvegur lokið verði við uppbyggingu og lagningu bundins slitlags á veginn, áhersla lögð á Flúðir – Ásatún, sem og reiðveg meðfram þeim vegi. Mjög hættulegar blindhæðir á þessari leið. Brýnt er að koma veginum á vegaáætlun þegar í stað.
5. Flýta ber fjármögnun í uppbyggingu á svokölluðum Bakkatúnsvegi.

Hrunavegur verði lagfærður með áherslu á:

- bundið slitlag að Hruna (kirkjustaður).
- aðkomu inn á þjóðveg 30 við Flúðir verði bætt.
- lagfæra brekkur í Kvíadal og við Túnsberg.

7. Tungufellsvegur 349; nauðsynlegt er að byggja veginn upp og breikka brýr.
 8. Auðsholtsvegur; verði hækkaður upp og breikkaðar brýr.
 9. Reiðvegir verði lagðir meðfram nýuppbyggðum vegum t.d. að Seli og að Syðra-Langholti.
 10. Vegur að byggð í Laugakrók þarfnast verulega ofaníbúðar og hann verði heflaður um leið og aðrir vegir í hreppnum.
 11. Sólheimavegur nauðsyn að gera útskot, þar er víða mjög þröngt að mæta bílum.
 12. Gera áningarstað við öxlina þar sem gönguleiðin er upp á Miðfell.
 13. Huga að áningarstað fyrir rútur í Túnastaðabrekku ofan Haukhólts þar er gott útsýni yfir sveitina.
 14. Lagfæra gallað slitlag á heimreiðum.
 15. Vinna að merkingu heimreiða að sveitabæjum með Hrunamannahreppi.
- Þrýsta á lagfæringu Langholtsvegur í gegnum Flúðir, breikka þarf veginn þannig að flutningabílar geti mæst. Enn safnast fyrir vatn við hraðahindrun við skólann.

Enn um Bakkatúnsveginn

Á síðasta fundi hreppsnefndar var enn rætt um hinn svokallaða Bakkatúnsveg. Þetta mál er eins og íbúar hreppsins vita gamalt mál en upphaf þess má rekja til þess að nokkur lögbýli á Grafarbakka, Hverabakka og Laxárbakka óskuðu eftir að heimreiðar og vegalagnir yrðu bættar í samræmi við aðalskipulag. Þetta var í upphafi ársins 1999. Síðan hefur málið farið í gegnum skipulagsferilinn sem einnig hefur verið kærður og úrskurður í því máli, Hrunamannahreppi í vil, var kveðinn upp af Úrskurðarnefnd skipulags- og byggingamála í febrúar 2004. Þegar Sigrún Tómasdóttir ákvað að gefa land undir íbúðabyggð fyrir aldraða á þessu svæði fóru hugmyndir um vegalagningu aftur í gang og á þeim tíma var málið á forræði Vegagerðarinnar þar sem hér var um að ræða þjóðveg í þéttbýli. Þar sem lög í landinu breyttust sagði Vegagerðin sig frá málinu en 30.000.000 kr. fjárveiting fylgdi verkefninu þó ekki sé ljóst hvenær sú upphæð verði greidd til hreppsins enda vegagerð ekki hafin. Helgi Jóhannesson hrl. sem er lögfræðingur hjá lögfræðistofunni Lex tók við málinu fyrir hönd Hrunamannahrepps og á fundinum s.l. miðvikudag var eftirfarandi samþykkt gerð: „Hreppsnefnd Hrunamannahrepps hafa borist athugasemdir vegna fyrirhugaðs eignarnáms, en með bréfi hreppsnefndarinnar dags. 15. október s.l. var lögmönnum aðila málsins gefinn kostur á að koma að athugasendum vegna fyrirhugaðs eignarnáms. Annars vegar hafa borist athugasemdir frá Klemenz Eggertssyni hdl. dags. 31. október 2008 f.h. Árna Hjaltasonar og hins vegar frá Guðjóni Ægi Sigurjónssyni hrl. f.h. eigenda jarðarinnar Reykjabakka, dags. 30. október s.l. Í báðum tilfellum er fyrirhuguðu eignarnámi mótmælt. Að hálfu hreppsnefndar þykja fram komin andmæli ekki þess efnis að ástæða sé til að falla frá fyrirætlunum um veglagninguna og eignarnám í tengslum við hana. Hreppsnefnd samþykkir að taka umrædda spildu eignarnámi og vísa ágreiningi um verðmæti hennar til Matsnefndar eignarnámsbóta. Sveitarstjóra er falið að ganga frá málinu með þeim hætti og tilkynna aðilum framangreindar lyktir þess“.

Menningarstyrkir í uppsveitirnar

S.l. fimmtudag úthlutaði Menningarráð Suðurlands styrkjum til menningarmála í héraði. Nokkrir styrkir féllu í hlut menningarstarfs hér í uppsveitunum. Þannig fengu Kirkjukór Hrunaprestakalls, Vörðukórinn og Uppsveitasystur styrki til ýmissa verkefna í starfsemi kóranna.

Karلاكórinn lagði land undir fót!

Körlunum í Karلاكór Hreppamanna er ekki fisjað saman. Kjarkaðri hluti söngvaranna lagði land undir fót og héldu til Spánar með spúsum sínum. Þeir héldu til borgarinnar Bilbao þar sem hinn skemmtilegi Vestman-naeyingur Kristinn R. Ólafsson var fararstjóri. Miklum sögum fer af glæsi-söng þeirra félaga og ekki síður veisluhöldum. Þeir kórfélagar sem heima sátu horfa bara í gaupnir sér, en láta sig hlakka til karلاكvölds sem verður í Félagsheimili Hrunamanna föstudagskvöldið 28. nóvember. Hjalti á Kjóa-stöðum hefur slátrað einum af sínum bestu gæðingum, sem hafði fyrir fallið, ekki farið færri ferðir yfir Kjöl en eigandinn. Frómir menn telja að gæðingur þessi sé nú í saltþekli og munu Karلاكórsmenn sem og gestir þeirra kjamsa á honum á herrakvöldinu. Það er ekki að ástæðulausu sem blessaður klárinn er kallaður þarfasti þjónninn! Karلاكórinn söng fyrir garðyrkjubændur og gesti þeirra s.l. föstudagskvöld og var gerður góður rómur að söng þeirra undir stjórn Editar Molnar við píanóið var Miklos Dalmay m.a. voru sungin tvö lög eftir hann við texta Gylfa Þorkelssonar eins kórfélagsans.

Tónlist fyrir alla

Skólafarfið er svo sannarlega fjölbreytt enda skólar landsins líklega líf-legustu stofnanir sem starfræktar eru í landinu. Verkefni á vegum Mennta-málaráðuneytisins og sveitarfélaga landsins heitir Tónlist fyrir alla. Í skól-ana koma listamenn og kynna nemendum hinar ýmsu stefnur í tónlistinni. Þannig kom hér í fyrra Trío Björns Thoroddsen ásamt Andreu Gylfadóttur og kynntu þau gömul íslensk þjóðlög. Í síðustu viku kom hér tónlistar-maðurinn Erpur Eyvindarson sem kallar sig listamannsnafninu SESAR og rappaði fyrir krakkana og starfsmenn skólans. Ungviðið virtist hafa enn meira gaman að rappinu en þeir sem eldri eru. En þannig er þetta nú gjarnan, það voru ekki allir sáttir við Bítlanu í upphafi vega þó að tónlist þeirra sér fyrir löngu orðin sigild.

Mikil fundarhöld framundan

Mikið er um sameiginlega fundi sveitarstjórnarmanna í þessum mánuði. Þannig er fundur með sveitarfélögum sem telja færri en 1000 íbúa n.k. mið-vikudag 12. nóvember en 13. og 14. nóvember er fjármálaráðstefna sveitar-félaga þar er lagður grunnur að forsendum fjárhagsáætlunar næsta árs. Sig-urður Ingi oddviti vor er einn fundarstjóra á fjármálaráðstefnunni. Í næstu viku fimmtudaginn 20. og föstudaginn 21. nóvember er ársfundur SASS en þá eru einnig ársfundir Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Skólaskrifstofu Suðurlands, Atvinnuþróunarfélags Suðurlands og Heilbrigðiseftirlits Suður-lands. Hrunamannahreppur á þrjá fulltrúa á þessum fundum auk sveitar-stjóra sem sækir fundinn.

Tónleikar hjá Vörðukórnum og Uppsveitasysturum

Það er mikið um að vera í kórastarfinu á næstunni. Á föstudaginn 21. nóvember verða Uppsveitasystur með “Uppskemmtun” í Brautarholti en stjórnandi þeirra er Magnea Gunnarsdóttir. Á laugardaginn 22. nóvember heldur Vörðukórinn tónleika í Aratungu, þar sem m.a. Verður flutt tónlist úr söngleikjum. Stjórnandi kórsins er Eyrún Jónasdóttir og undirleikari hjá báðum kórnum er Stefán Þorleifsson sem er orðinn Hreppamaður á ný því hann og fjölskylda hans flutti hingað að Flúðum í haust. Við segjum á ný því hann á rætur sínar að rekja í Hrunamannahrepp. Stefán og fjölskylda eru boðin velkomin í hreppinn. Hann er einnig kirkjuorganisti í hreppnum.

Bólusetning við garnaveiki

Við viljum vinsamlegast benda á að sauðfjárþændur láti bólusetja ásetningslömb við garnaveiki sem allra fyrst. Skv. lögum er nauðsynlegt að bólusetningu þessari sé lokið fyrir áramót.

Bólusetning hunda og katta

Á sama hátt minnum við á að hunda- og kattaeigendur í hreppnum láti ormahreinsa hunda sína og ketti. Viðkomandi aðgerðir eru á kostnað eigenda dýranna.

Sauðfjárþændur og aðrir hagsmunaaðilar um afnot afréttar Hrunamanna og Hrunaheiða.

Boðað er til fundar mánudagskvöld 17. nóvember n.k. í Félagsheimili Hrunamanna á Flúðum.

Fundur hefst klukkan 20.00.

Afnotaréttur á afrétti og heiðum

Girðingamál

Smalamennska

Fundarboðandi sveitarstjórn Hrunamannahrepps.

Námskeið í félagsmálafræðslu:

Sýndu hvað í þér býr

Ungmennafélag Íslands í samvinnu við Bændasamtök Íslands og Kvenfélagasamband Íslands standa fyrir félagsmálafræðslu um land allt í vetur undir yfirskriftinni „Sýndu hvað í þér býr.“ Þessir aðilar skrifuðu í dag undir samstarfssamning þar að lútandi í höfuðstöðvum UMFÍ við Laugaveg 170 í Reykjavík.

Hlutverk námskeiðsins er sjá félagsmönnum fyrir fræðslu í ræðumennsku og fundarsköpum. Þátttakendur fá æfingu í framkomu, framsögn og þjálfun í fundarsköpum.

Helga Guðrún Guðjónsdóttir, formaður UMFÍ, sagði eftir undirskriftina vonast eftir því að námskeiðin yrði þátttakendum skemmtileg og umfram allt gagnleg. Haraldur Benediktsson, formaður Bændasamtaka Íslands, tók undir orð formanns UMFÍ og sagði tímasetningu námskeiðanna góða í þeim erfiðleikum sem samfélagið er að fara í gegn um einmitt um þessar mundir. Sigurlaug Viborg, forseti Kvenfélagasambands Íslands, lýsti ánægju með samstarfið sem væri kvenfélagasambandinu ómetanlegt. Hún vonaðist eftir að konur yrðu duglegar að taka þátt í námskeiðunum.

Sigurður Guðmundsson hefur verið ráðinn til að stjórna félagsmálafræðslunni en hann er íþróttافرæðingur að mennt en sem slíkur útskrifaðist hann frá Háskólanum í Reykjavík á sl. vori.

Ákvarðanir um fundarstaði í vetur munu birtast í fjölmíðlum og á heimasíðum samstarfsaðila.

Áhugasömum er einnig bent á að afla sér frekari upplýsingar um verkefnið hjá Guðrúnu Snorradóttur landsfulltrúa UMFÍ í síma 848-5917 og á gudrun@umfi.is og Sigurði í síma 861-3379 og á sigurdur@umfi.is



Viðburðir og annað á vegum Kvenfélags Hrunamannahrepps.

• **Aðventuhátíð**

30. nóvember verður sameiginleg aðventuhátíð Kvenfélagsins og Hruna-prestakalls. Að lokinni hugvekju og annarri dagskrá verður Kvenfélagið með eftirfarandi dagskrá:

- kökubasar
- basar – fullt af frábærum og ódýrum jólagjöfum (allir sem vettlingi geta valdið, hvattir til að gefa á basarinn).
- sala á heitu súkkulaði og vöfflum.
- **Hrunaréttir** til sölu (matreiðslubók - **tilvalin jólagjöf!!**)

- Aðventuhátíð nánar auglýst síðar.

• **Freyjusjóður - umsóknir**

Auglýst er eftir umsóknum í **Freyjusjóð** fyrir **15. desember**. Sjá nánar um lög Freyjusjóðs á www.fludir.is.

Jafnframt hægt að leita upplýsinga hjá formanni Kvenfélagsins á netfanginu anna@fludaskoli.is.

• **Jólafundur**

Jólafundurinn verður haldinn í desember. Ýmislegt sér til gamans gert í anda jólanna. Nánar auglýstur síðar.

• **Barnaskemmtun**

Barnaskemmtunin verður haldin laugardaginn 27. desember.

• **Þorablót 2009**

Þorablót Kvenfélagsins verður 31. janúar 2009. Með svipuðu sniði og í fyrra. Takið daginn frá!

- Trogin frá Límtré verða til sölu en þau þarf að panta hjá Mörtu Hjaltadóttur í síma 899-6412. **Tilvalin jólagjöf!**

• **Fræðslunet Suðurlands.**

Mínum á að félagið niðurgreiðir námskeið á vegum Fræðslunetsins, fyrir félagskonur.

Kvenfélag Hrunamannahrepps er fyrst og fremst líknarfélag og hvetur ávallt til samstöðu og samheldni í einu og öllu sem viðkemur okkar litla samfélagi og erum reiðubúnar til að leggja okkar af mörkum til samfélagsins. Á tímum sem þessum, þar sem ýmislegt riðar til falls í þjóðfélaginu öllu, er mikilvægara en nokkuð annað að við sýnum samhug í orði og á borði. Fyrir félagsskap eins og Kvenfélagið er ekkert eins mikilvægt eins og fólk sem tilbúið er að starfa af óeigingirmi og gleði og leggja þannig sitt af mörkum til samfélagsins.

Það er ósk okkar að við sjáum ykkur sem flest á þeim skemmtunum og öðrum uppákomum sem félagið mun standa fyrir á næstunni og hvetjum jafnframt allar þær konur sem vilja taka þátt í þessu starfi með okkur, að ganga til liðs við okkur.

Með kærri kveðju,
Stjórnin.

Körfulbultafréttir

Síðustu tvo mánuði hefur körfuboltastarfið verið í fullum gangi og eru iðkendur um 100 talsins. Í sumar og í haust stóð körfuboltadeildin fyrir hólkasöfnun þ.e.a.s. við söfnuðum hólkum, sem eru inn í rúlluplastsrúllunum, og seldum þá túbökufyrirtæki. Við viljum þakka þeim bændum, sem létu okkur fá hólka, fyrir frábærar móttökur. Þeir komu svo sannarlega að góðum notum. Við stefnum á að fara í aðra slíka söfnun næsta sumar. Okkar árlega körfuboltabingó var í byrjun október. Við fengum frábæra vinninga og viljum við þakka öllum þeim sem gáfu okkur vinninga, já við eigum svo sannarlega góða, gjafmilda sveitunga sem aðstoðuðu okkur við að gera bingóið jafn glæsilegt og það var. Síðast en ekki síst viljum við þakka þeim stöllum Fanney í Syðra-Langholti og Ásdísi í Auðsholti en þær tóku stóran þátt í að safna vinningum og undirbúa bingóið. Já það er alltaf gott þegar foreldrar leggja körfuboltadeildinni lið og tókum við svo sannarlega glöð á móti þeirri hjálp sem okkur býðst. Þann 11. október kom Caleb Holmes (þjálfari meistaraflokks og 7. – 10. fl.) fljúgandi frá USA í boði Helgu og Gussa á Melum. Það er sannarlega fengur fyrir okkur að fá kappann í lið með okkur. Hann spilar með strákunum í meistaraflokknum og stendur sig með mikilli þrýði. Hrunamenn hafa (þegar þetta er ritað) spilað þrjá heimaleiki. Aðsókn á leikina hefur verið frábær og er ótrúlega gaman að sjá hve mikill áhugi er fyrir leikjunum í samfélaginu. Næsti heimaleikur verður föstudaginn 14. nóv þar sem Hrunamenn etja kappi við Val sem eru gríðarsterkir andstæðingar. Vonumst við til að sjá sem flesta koma og hvetja okkar menn.



Ertu
lesblindur?
Áttu erfitt með
að skrifa rétt?

Ertu að hugsa um að fara í nám
og vilt bæta þig í lestri og ritun?

Námskeiðið

Skref til sjálfshjálpar í lestri og ritun

er að hefjast hjá Fræðslunetinu á Selfossi

Námskeiðið er 60 stundir og kostar 9.000.-

Það má meta til 5 eininga á framhalds-
skólastigi.

Námskeiðið hentar öllum fullorðnum sem
glíma við
lestrar- eða skriftarörðugleika.

*Tekið er við skráningum **til 17. nóv.** í síma
480 8155 eða með tölvupóst
í fraedslunet@sudurland.is*

Stofnun og rekstur smáfyritækja – 35 stundir

í samvinnu við Impru á Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Atvinnuþróunarfélag Suðurlands

Námskeiðið er ætlað þeim sem búa yfir viðskiptahugmynd og hafa hug á að stofna fyrirtæki í kringum hana og einnig þeim sem hafa nýlega stofnað fyrirtæki eða vilja auka rekstrarþekkingu sína.

Um hvað snýst námskeiðið?

Þau grundvallaratriði sem varða stofnun og rekstur fyrirtækis. M.a. er fjallað um sölu- og markaðsmál, fjárhagsáætlanir, form fyrirtækja og skattamál. Áhersla er lögð á gerð viðskiptaáætlana.

Í byrjun námskeiðsins leggur hver þátttakandi fram sína viðskiptahugmynd sem hann vinnur með meðan á námskeiðinu stendur. Sú hugmynd getur verið viðskiptahugmynd fyrirtækis sem þegar er stofnað eða ný hugmynd.

Í lokaáfangna námskeiðsins eru gerð drög að viðskiptaáætlun. Þannig kemur í ljós hvort viðskiptahugmyndin sé raunhæf, þ.e. hvort varan eða þjónustan sem ætlunin er að selja sé líkleg til að skila arði.

Markmið

Að námskeiðinu loknu eiga þátttakendur að geta unnið að eigin viðskiptaáætlun, gert sér grein fyrir hvort ráðlegt sé að stofna fyrirtæki um viðskiptahugmyndina og hvernig á að bera sig að við það.

Tími	Haustönn 2008 og/eða vorönn 2009
Staður	Námskeiðið verður nánar auglýst síðar á heimasíðu Fræðslunetsins http://fraedslunet.googlepages.com
Verð	Iðá, Selfossi og fjarkennt á aðra staði á Suðurlandi
Kennarar	46.000 Kristján Óskarsson, verkefnastjóri, Jón Valgeir Gíslason, rekstrarhagfræðingur OG Steinunn Stefánsdóttir, sérfræðingur

Fyrirhugað er að hefja námskeiðið þegar nægjanlegur fjöldi þátttakenda hefur skráð sig.

Bændur Athugið



Höfum á boðstólum mjólkurduft og start-kjarn-fóður fyrir ungfálfa, og framhaldsfóður fyrir 45 daga til 6 mánaða gamla kálfa.

Eigum alltaf til súrdoðabryjótinn Propylenglycol á lager.

Landstólpi ehf
Gunnbjarnarholti
480-5600
www.landstolpi.is



Frá Kiwanisklúbbnum Gullfossi

Líkt og mörg undanfarin ár munum við félagar í Gullfossi selja jóla-stjörnur í Hrunamannahreppi og Skeiða og Gnúpverjahreppi. Öllum ágóða er jafnan varið til styrktar góðum málefnum. Að þessu sinni fer salan fram helgina 21-23 nóvember n.k. Væntum við góðra undirtekta sem jafnan fyrr

Kiwanisklúbburinn Gullfoss



Fjallaraf
sími 662 0530

Hjörleifur Ólafsson

Rafræðingur Löggitur rafverktaki

Fossi
Hrunamannahreppi
845 Flúðir

Sími 662 0530

Fax 486 6432

fossi@fossi.is

Samkaup strax

Opnunartími Versl. Strax.

Mánudaga til föstudaga	09:00-19:00
Laugardaga	10:00-19:00
Sunnudaga	10:00-17:00

Verið velkomin.

Starfsfólk Versl.Samkaup strax
á Flúðum.

Póstkassi frá Íslandspósti er staðsettur fyrir
utan verslunina

DÓSIR DÓSIR DÓSIR

Vegna fyrirhugaðrar Danmerkurferðar næsta haust ætlar
9.bekkur í Flúðaskóla að safna dósum og flöskum til fjár-
öflunar eins og gert hefur verið síðastliðin ár.

Miðvikudaginn 19. nóv verðum við á ferðinni.

Ef þið verðið ekki heima en viljið gefa dósir og flöskur þá
hafið samband við:

Arnfríði s: 8960430 og Arnheiði s: 8676580

Með kveðju, 9.bekkur Flúðaskóla.

Sundlaugin á Flúðum.

Opnunartími .

Mánudaga til föstudaga: 16:00-21:00

Laugardaga: 10:00-18:00

Sunnudaga: 13:00-18:00

Skrifstofa Hrunamannahrepps

Opnunartími hreppsskrifstofu

Mánudaga til föstudaga:

09:00-12:00 og 13:00-16:00

Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar

í Laugarási **480 5300**

Vaktsími í neyðartilvikum er 892 8804

VIOLA snyrtistofa á Flúðum

Eftirfarandi meðferðir eru í boði

Andlitsbað Húðhreinsun

Litun og plokkun Handsnyrting

Fótsnyrting Förðun Vaxmeðferðir

Tímabantanir í síma 566-8342

og 856-1599(Hlíf)

Vetrardekk til sölu.

Til sölu eru hálfslitin vetrardekk á felgum undan Suzuki stærð 15x29”

Upplýsingar í síma 893 1235

Taktu þér tak með

Herbalife.

Hringdu og fáðu frían

prufupakka

Eva Marín Hlynsdóttir

Sjálfstæður dreifingar-

aðili Herbalife.

silja1@simnet.is / 892

16

6728



Hár-Hrun

Klippir í Félagsheimili Hrunamanna

Vinsamlegast pantið tíma

í síma: 486-5535 og **899-9665**.

Inga Birna.

Skil á forðagæsluskýrslum.

Umráðamenn búfjár eru minntir á að skila útfylltum eyðublöðum um búfjáfjölda og fóðurbirgðir til búfjárefntirlitsmanns fyrir 20. nóvember. Eyðublöðin hafa þegar verið send til umráðamanna. Til hagræðis er hægt að skila skýrslunum á Skrifstofu Hrunamannahrepps. Búfjárefntirlitsmaður.
Loftur Þorsteinsson Ásastíg 10b

Hreppamaður heitir blað
Hendingar og ræður.
Kæru vinir kaupid það
Konur, menn og bræður

Öll 12 rit Bjarna Guðmundssonar frá Hörgholti eru til sölu í Þverspyrnu. 500 kr hvert hefti
Sími 486 6735

Frá Bókasafni Hrunamanna

Opnunartími safnsins er:

Mánudaga Kl. 20-21

Þriðjudaga Kl. 16-18

Miðvikudaga Kl. 16-18

Fimmtudaga Kl. 16-18

Alltaf eitthvað nýtt efni í hverri viku.

Aðgangur að tölvu fyrir almenning gegn vægu gjaldi.

Vinsamlegast munið að skila bókum.

Lestrarstund er gæðastund – Sjáumst á bókasafninu **J** !

Sími: 486 6708

Netfang: bokasafn@fludir.is

Heimasíða: <http://www.fludir.is/bokasafn1/>

Vöruflutningar
Reykjavík—Árnessýsla



VÖRUFLOTNINGASTÖÐIN

Vörumóttaka Skútuvogi 13
Sími: 533 2211

VÖNDULL ehf
FLUTNINGAÞJÓNUSTA Í
ÁRNESSÝSLU.

Brottför frá Reykjavík, Skútu-
vogi 13. sími: 533 2211. Mánu-
daga til föstudaga kl. 13:00, Á
Selfossi hjá Húsasmiðjunni og

Byko kl. 14:00 .Einnig hjá öðrum fyrirtækjum eftir þörfum.

Upplýsingar í síma: 856 1580 Unnar

856 1581 Stefán





Tilkynning frá Hestamannfélaginu Smára

Landsvirkjun hefur ákveðið að styrkja Hestamannafélagið Smára um 400 þúsund vegna byggingar reiðhallar á Flúðum. Svæði félagsins nær yfir Hreppa og Skeið og er því töluvert stórt.

Unnið hefur verið að því að koma á kennslu í hestamennsku í skólum á svæðinu. Kennslan mun hefjast í haust og er áhugi mikill, kennsla sem þessi hefur mikla þýðingu fyrir félagið og ekki síst barna- og unglinga-
starfið.

Vill Landsvirkjun leggja sitt að mörkum um að svo megi verða með því að veita félaginu styrk. Það að Landsvirkjun veiti þennan styrk til félagsins sýnir hug fyrirtækisins til þess að byggja upp og bæta afþreyingu fyrir börn og unglunga á svæðinu.

Fyrir hönd Hestamannfélagsins Smára vil ég þakka Landsvirkjun kærlega fyrir styrkinn sem kemur að góðum notum, það er gott til þess vita að fyrirtæki sjái sér fært að veita styrki sem þessa til handa félagasamtökum eins og okkar.

Guðni Árnason

formaður Hestamannfélagsins Smára.

Uppskemmtun

Föstudaginn 21. nóvember kl 20:30

í Brautarholti

Uppsveitasystur syngja

Upprennandi stjórnur koma fram

Uppboð

!!!

Aðgangseyrir 1000 krónur – veitingar innifaldar

Frítt fyrir börn á grunnskólaaldri og yngri.

Upplagt að taka með sér gesti J



Smárafréttir

Ágætu félagar

Við höfum sýnt samvinnu svo eftir er tekið um allt land við byggingu reiðhallarinnar, það er frábært starf sem við höfum unnið þar og sýnt svo ekki verður um villst hvað félag eins og okkar getur gert með sameiginlegu átaki. Nú standa mál þannig að gera þarf húsið hæft til að stunda í því kennslu og tamningar, það er ýmislegt sem eftir er að gera og er það von okkar að það verði hægt fyrir áramót.

Einhverstaðar stendur skrifað að margar hendur vinni létt verk og höfum við sýnt það, en betur má ef duga skal og það sem eftir er að gera er þess eðlis að allir geta aðstoðað eitthvað. Það er ekki spurning um að allir þurfi að vera allan daginn heldur ekki að það þurfi iðnaðarmenn við alla hluti alla þá daga sem unnið er, sumir geta verið fyrir hádegi aðrir eftir hádegi o.s.frv. allt skiptir máli. Það á að vinna um næstu helgi báða daga (byrja kl 10) og spurningin er hvort þið góðir félagar getið ekki séð ykkur fært að mæta og leggja félaginu og ekki síst ykkur sjálfum lið til að gera höllina klára svo hægt verði að stunda reiðmennsku í höllinni í vetur.

Ef þið sjáið ykkur fært að mæta vinsamlegast látið vita hjá Manna í síma : 8990772 svo við höfum einhverja tölu á því hversu margir koma.

f.h.stjórnar
Guðni Árnason formaður

Hrunaspjall

Fregnir fræðsla og tilkynningar úr Hrunaprestakalli.

Nú þegar erfiðleikar dynja á þjóðinni þá er ekki úr vegi að minna á þau gildi sem trúin á Jesú Krist leggur áherslu á. Bænin er tæki sem virkar bæði inn á við og út á við. Bænin byggir upp, eflir von og trú á lífið en hún er einnig máttug í því að senda jákvæða strauma og hefur sannarlega áhrif þangað sem henni er beint.

Hvað getum við hvert og eitt gert í þeirri stöðu sem við erum stödd í? Væri ekki stórt skref að kasta hinni blindu sjálfsselsku og líta á sig sem hluta af heild þar sem allir skipta máli. Sveitin okkar er full af félögum sem láta sig varða um hag náungans með ýmsum hætti. Öll líða þau fyrir skort á hjálpanði höndum, góðu fólki sem er reiðubúið að leggja tíma sinn af mörkum til góðra málefna án þess að ætlast til endurgjalds.

Þannig getum við gert að veruleika þetta sem svo mikið er talað um, að taka höndum saman og snúa ósigri upp í nýja sigra og betra og réttlátara þjóðfélag.

Helgihaldið framundan

16. nóvember kl. 11 barnastarf og TTT starf í Hrunakirkju

16. nóvember kl. 14 Messa í Hrepphólakirkju

23. nóvember kl. 11. barnastarf og TTT starf í Hrunakirkju

23. nóvember kl. 21:00 kyrrðar og bænastund í Hrepphólakirkju

30. nóvember fyrsti sunnudagur í aðventu kl.14 Aðventuhátíð í félagsheimili Hrunamanna.

Ég vil að lokum benda á að kirkjustarf er auglýst í héraðsblöðum: Glugganum, Dagskránni, Sunnlenska fréttablaðinu og oftast í Morgunblaðinu líka.

Með góðri kveðju og blessunaróskum.

Eiríkur Jóhannsson

Flúðaleið ehf

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

12:00 frá Landflutningum og

13:00 frá Flytjanda

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Nánari upplýsingar eru hjá Pálmari í síma 892-2370.

Vöruafgreiðsla á Flúðum: 486-1070 fax 486-6693

netfang: fludaleid@simnet.is

Símar hjá bílstjórum:

892-2371- Skeiða- Gnúpverja- og Hruna-
mannahreppur.

892-2372 -Grímsnes, Laugardalur og Biskups-
tungur.

892-2308- Trailer

892-2316- Trailer

Með von um gott samstarf
Starfsfólk Flúðaleiðar



Athafnakonur í kjallaranum í Heimalandi

Ljósm: SigSigm





Skinnaskröpun í Ásgerði

Ljós. SigSigm



Hanna og Haraldur á Hrafnkelsst. með kindur úr nýja fjárstofninum

Ljós. SigSigm